

Alþingi
Erindi nr. P 138/950
komudagur 22.1.2010

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktisdóttir skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

20. janúar 2010
Tilvísun: 2009120065

Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, sbr. þingskjal 254 - 229. mál.

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis til Fjármálaeftirlitsins, dags. 28.12. 2009, þar sem óskað er umsagnar um nefnt frumvarp. Þá er og vísað til samskipta við yður 19.01. sl. varðandi frest til að skila umsögn um frumvarpið.

Með hliðsjón af ofanrituðu skal eftirfarandi getið.

I. Vísað er til fyrri umsagna Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið vísar til fyrri umsagna sinna um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, dags. 17.02. 2009, 12.03. 2009 og 18.06. 2009. Frumvarpið hefur í meðförum Alþingis tekið nokkrum breytingum m.a. að teknu tilliti til ábendinga Fjármálaeftirlitsins.

II. Eftirfarandi ábendinga skal getið vegna frumvarpsins sbr. þingskjal 254 - 229. mál. Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að viðskiptanefnd hugi að eftirfarandi atriðum:

Varðandi 7. gr. frumvarpsins.

Við markaðssetningu váttryggingafélaga á vörum sínum hefur undanfarið borið á því að nafns váttryggingafélags sé ekki getið í auglýsingum. Fjármálaeftirlitið telur slíka markaðssetningu til þess fallna að villa um fyrir neytendum um fjölda váttryggingafélaga á markaði auk þess sem hún getur valdið vafa um það hver raunverulegur váttryggjandi er. Markaðssetning Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á vörumerkinu Elísabet er dæmi þessa en Fjármálaeftirlitið hefur orðið þess vart að neytendur telji að um sjálfstætt váttryggingafélag sé að ræða.

Í 3. m. l. 1. mgr. 23. gr. eldri laga um váttryggingastarfsems frá árinu 1978 (nr. 50/1978) var kveðið á um að nafn váttryggingafélags skyldi koma skýrt fram í tilkynningum og öllu prentuðu máli sem frá félaginu fer. Ákvæði þessa efnis er hins vegar ekki að finna í 13. gr. núgildandi laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994.

Fjármálaeftirlitið telur fullt tilefni til að bæta við 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins eftirfarandi orðalagi: "Nafn váttryggingafélags skal koma skýrt fram í öllum tilkynningum, þ.á.m. auglýsingum, sem frá váttryggingafélagi stafa."

Varðandi 1. mgr. 59. gr. frumvarpsins.

Nefnd 1. mgr. 59. gr. frumvarpsins er samhljóða 1. mgr. 48. gr. núgildandi laga um váttryggingastarfsemi. Samkvæmt 23. tl. 1. mgr. 99. gr. laganna getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðinu en þar sem tímafrestur vegna

upplýsingaskyldu er ekki skilgreindur í ákvæðinu hefur slík álagning stjórnvaldssekta ekki reynst framkvæmanleg þegar um ófullnægjandi upplýsingaskyldu um starfsemi erlendis er að ræða.

Samkvæmt framanrituðu leggur Fjármálaeftirlitið til að 1. ml. 1. mgr. 59. gr. frumvarpsins verði endurorðaður sem hér segir: "Reki váttryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, útibú eða veiti þjónustu erlendis skal það innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar um iðgjaldamagn, tjónakostnað og umboðslaun án frádráttar á hlut endurtryggjenda með skiptingu á einstök ríki og starfsemi þar sem útibú er rekið og þar sem þjónusta er veitt."


Undirstrikað er mikilvægi þess að frumvarp til nýrra laga verði samþykkt á Alþingi.

Loks undirstrikar Fjármálaeftirlitið mikilvægi þess að frumvarp til nýrra laga um váttryggingastarfsemi verði samþykkt á Alþingi. Innleiðing tilskipunar nr. 2005/68/EB um endurtryggingar er mikilvæg jafnframt því sem gerðar verði nauðsynlegar breytingar vegna innleiðingar á tilskipun nr. 2002/87/EB um viðbótareftirlit með fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypum.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Gunnar Þ. Andersen



Rúnar Guðmundsson